

Afbrotatölfræði

Júlí 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í síðastliðnum júlímánuði voru framin 1.158 hegningarlagabrot. Eru það fleiri brot en í júlí 2005 og 2007 en færri brot en í júlí 2004 og 2006. Þá voru skráð 5.897 umferðarlagabrot sem er rétt tæplega 4% færri brot en í fyrra. Fíkniefnabrot voru 163 talsins en 175 sama mánuð í fyrra og 197 árið 2006 (sjá mynd 1).


Á mynd 2 má sjá fjölda innbrota, fíkniefnabrota og líkamsmeiðinga (217. og 218. gr. alm. hgl.) fyrstu sjö mánuði ársins 2008. Þar sést að fíkniefnabrot voru fleiri í júlí en síðustu sex mánuði á undan og spilar aukið eftirlit lögreglu þann mánuðinn líklega stóran þátt. Fjöldi innbrota nær einnig hámarki í júlí það sem af er ári, en 262 slík brot voru tilkynnt. Fjöldi tilkynnta líkamsmeiðinga var hins vegar mestur í mars þegar 126 voru tilkynntar en 102 voru tilkynntar í júlí.

Hraðakstursbrot voru 4.330 í júlí sem jafngildir 73% umferðarlagabrota þann mánuðinn. Brotin voru svipuð að fjölda í fyrra (4.240 brot). Tilkynnt var um 335 þjófnaðarbrot sem er 27% fjölgun frá því í fyrra en brotin voru fleiri í júlí 2006. Eignaspjöll (262 brot), innbrot (262 brot), líkamsmeiðingar (102 brot) og nytjastuldur (42 brot) voru einnig fleiri en í júlí í fyrra. Þá voru skráð 192 ölvunarakstursbrot sem jafngildir rúmum sex slíkum brotum á dag, en brotin voru svipuð að fjölda í fyrra en 23% fleiri árið 2006. Ekið var 30 sinnum gegn rauðu ljósi, sem er um meira en helmingfækkun frá síðustu tveimur árum á undan.

Hraðakstursbrot sem skráð voru með stafrænum hraðamyndavélum árið 2008 voru flest í apríl (2.866 brot), maí (2.916) og júlí (2.849). Brotin voru 2.201 talsins í júlí, og féllu flest þeirra undir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Hafa ber í huga að brot sem framin eru í Hvalfjarðargöngum falla undir umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 1. Fjöldi brota í júlí 2004-2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi í nokkrum brotagildum fyrstu sjö mánuði ársins 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotagildum í júlí 2006, 2007 og 2008.

	júlí 08	júlí 07	júlí 06
Hraðakstursbrot	4.330	4.240	3.002
Þjófnaðarbrot	335	264	357
Eignaspjöll	262	242	336
Innbrot	262	201	209
Ölvun við akstur	192	200	249
Fíkniefnabrot	163	175	197
Áfengislagabrot	81	106	140
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	102	126	91
Akstur gegn rauðu ljósi	30	74	68
Nytjastuldur	42	33	37



Mynd 3. Hraðakstursbrot í janúar til júlí 2008 sem skráð voru með hraðamyndavélum.

Afbrotatölfræði

Júlí 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í júlí 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	15	22	33	135	133	131	13	19	3
Akureyri	50	55	75	362	362	479	9	7	16
Blönduós	5	11	2	322	526	447	1	2	1
Borgarnes	20	18	12	745	934	289	1	3	2
Eskifjörður	10	8	17	467	196	162	3	0	3
Húsavík	14	7	4	87	90	57	0	0	1
Hvolsvöllur	25	8	7	489	434	357	17	0	1
Höfuðborgarsvæðið	803	755	886	1907	2151	2.056	70	116	128
Sauðárkrókur	5	8	5	105	113	57	4	2	6
Selfoss	57	51	48	346	512	389	15	2	13
Seyðisfjörður	16	25	27	87	127	116	2	1	1
Snæfellsnes	17	6	20	52	53	66	2	3	4
Suðurnes	86	68	81	668	346	443	15	11	14
Vestfirðir	17	17	16	87	96	230	5	5	1
Vestmannaeyjar	18	8	11	38	44	34	6	4	3
Alls	1.158	1.067	1.244	5.897	6.117	5.313	163	175	197

*Af 745 umferðarlagabrotum í Borgarnesi í júlí 2008 voru 603 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 467 umferðarlagabrotum á Eskifirði í júlí 2008 voru 329 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 1.907 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu voru 937 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í júlí 2006-2008 eftir umdæmum.

Hegningarlagabrot voru færri en í júlí í fyrra í lögregluumdæminu á Akranesi, Akureyri, Blönduósi, Sauðárkróki og Seyðisfirði. Alls voru 17 slík brot skráð á Vestfjörðum sem er sami fjöldi og í júlí 2007 og brotin voru einu færri 2006.

Þegar litið er til umferðarlagabrota eftir umdæmum lögreglunnar á landinu má sjá að á Akranesi, Akureyri, Húsavík og Snæfellsnesi var nánast sami fjöldi í júlí í ár og í fyrra. Flest brot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (1.907 brot) en fæst í Vestmannaeyjum (38 brot).

Skráð voru 163 fíkniefnabrot í júlí eins og áður sagði. Athyglisvert er að skráð voru 17 fíkniefnabrot á Hvolsvelli, en ekkert á sama tíma í fyrra og aðeins eitt í júlí 2006. Má rekja þennan fjölda brota til öflugs fíkniefnaeftirlits í umdæminu fyrstu helgina í júlí.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 15. ágúst 2008 og eru tölur fyrir árin 2007 og 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.